

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 5. mars 2008  
Tilvísun: UST20080100119/sf

## **Tillaga að breytingu á deiliskipulagi virkjunarvæðis á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi**

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss, sem barst með tölvupósti þann 18. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi virkjunarvæðis á Hellisheiði.

Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að þeir liðir sem breytingin tekur til hafa áður verið auglýstir sem breyting á deiliskipulagi, breyting 4 og 5, en auglýsa hafi þurft breytingarnar aftur þar sem þær voru ekki metnar m.t.t. laga um umhverfismat áætlana.

Breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir nýrri lóð og byggingarreit fyrir skiljustöð í Hamragili.
2. Skiljustöð A ofan Hellisskarðs stækkar og verður  $1.000 \text{ m}^2$  í stað  $750 \text{ m}^2$ . Að sama skapi stækkar byggingarreitur úr  $1.575 \text{ m}^2$  í  $1.935 \text{ m}^2$  og lóð skiljustöðvarinnar úr  $4.920 \text{ m}^2$  í  $5.874 \text{ m}^2$ .
3. Byggingarreitur fyrir stöðvarhús stækkar um  $168 \text{ m}^2$  og þjónustuvegur hliðrast á um  $70 \text{ m}$  kafla um nokkra metra til vesturs.
4. Lögn fyrir neyðarlosun affallsvatns við hraunjaðar vestan stöðvarhússvæðisins verður ofanjarðar en ekki neðanjarðar eins og gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir.
5. Lóð fyrir starfsmannahús austan Hamragilsvegar stækkar úr  $2.000 \text{ m}^2$  í  $2.850 \text{ m}^2$  og byggingarreitur úr  $1.200 \text{ m}^2$  í  $1.600 \text{ m}^2$ .
6. Niðurrennslissvæði sunnan Suðurlandsvegar minnkar um  $38,2 \text{ ha}$ .
7. Gert er ráð fyrir einu nýju borsvæði norðan Hamragilsvegar og sunnan tengivirkis við Búrfellslínu 2 og 3A.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og umhverfisskýrslu sem henni fylgir.

### **Umhverfisskýrsla**

Umhverfisstofnun telur að fjallað sé með mjög almennum hætti um umhverfisáhrif breytinganna í umhverfisskýrslu og að þar hefði mátt koma fram frekari rökstuðningur fyrir niðurstöðum í matinu.

### **Stækkun gufulokahúss**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki kemur fram í deiliskipulaginu hvers vegna gert er ráð fyrir stækkun gufulokahúss.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að þrátt fyrir stækkun lóðar fyrir starfsmannahús og byggingarreits verði grunnflötur hússins eftir sem áður 400 m<sup>2</sup> og mesta hæð 6 m. Þá segir í umfjöllun um landslag og sjónræn áhrif að „áhrif breytingarinnar á landslag og sjónræn áhrif eru talin vera óveruleg þar sem fyrirhuguð bygging er óbreytt”. Umhverfisstofnun telur að fram hefði mátt koma í umhverfisskýrslu hvers vegna þörf er talin á stækkun lóðar og byggingarreits ef gert er ráð fyrir að fyrirhuguð bygging verði óbreytt.

### Tilraunaholur vegna niðurrennslisveisu

Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir einu nýju borsvæði norðan Hamragilsvegar og sunnan tengivirkis við Búrfellsínu 2 og 3A. Á borsvæðinu er gert ráð fyrir að boraðar verði tilraunaholur vegna mögulegrar niðurrennslisveisu.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í umhverfisskýrslu er ekki vísað til þess að fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu frá 25. apríl 2007 vegna borunar rannsóknarholu fyrir niðurrennslistilraunir í tengslum við Hellisheiðarvirkjun. Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að í tilkynningu framkvæmdaraðila um borun rannsóknarholu fyrir niðurrennslistilraunir var aðeins gert ráð fyrir borun einnar holu en í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að boraðar verði fleiri holur. Umhverfisstofnun telur að í umhverfisskýrslu hefði átt að styðjast betur við þær upplýsingar sem fram komu í fyrrgreindri tilkynningu og gera grein fyrir auknu umfangi framkvæmda.

### Lögn affallsvatns ofanjarðar


Samkvæmt skipulagstillöggunni er gert ráð fyrir að lögn fyrir neyðarlosun affallsvatns við hraunjaðar vestan stöðvarhússins verði ofanjarðar en ekki neðanjarðar. Í umhverfisskýrslu kemur fram að til að milda ásýnd að lögninni verði jarðvegur settur upp að undirstöðum hennar norðan Hamragilsvegar. Raskað svæði meðfram lögninni verði sett gróðri sem skuli vera af sömu tegund og gróður umhverfis lögnina.

Umhverfisstofnun telur að framangreind breyting muni valda töluverðum sjónrænum áhrifum og að það að setja jarðveg upp að undirstöðum lagnarinnar dragi ekki nægjanlega mikið úr auknum sjónrænum áhrifum, enda kalli það á töluverðar „jarðvegsmanir” meðfram lögninni. Stofnunin telur að skoða eigi þann möguleika að hafa lögnina a.m.k. að einhverju leyti niðurgrafna til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Í umfjöllun í umhverfisskýrslu um ástæður þess að nú er fyrirhugað að leggja lögnina ofanjarðar kemur m.a. fram að með því að flytja hljóðdeyfi að neyðarlosunarsvæði og hleypa vatninu beint niður í holu eftir suðu sé hitastig vatnsins komið upp fyrir það sem hefðbundnar foreinangraðar lagnir þola. Ekkert kemur hins vegar fram um möguleika á notkun annars konar lagna.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Friðriksdóttir



Hjalti J. Guðmundsson